



KVENFÉLAGASAMBAND ÍSLANDS  
FEDERATION OF ICELANDIC WOMENS' SOCIETIES

AÐILI AÐ  
N. H. F.  
DG  
A. G. W. W.

Alþingi  
Erindi nr. P 125/1043  
komudagur 14.3.2000

Hallveigarstöðum, Túngötu 14  
Pósthólf 133, 101 Reykjavík  
Sími 91-12335, 27430  
Fax 91-625150

Reykjavík, 7. Mars 2000

Formaður félagsmálanefndar  
Alþingis  
150 Reykjavík

Kvenfélagasamband Íslands þakkar beiðni yðar um umsögn við frumvarpi til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 11. febrúar sl.

K.Í. lítur almennt svo á að lög in heild sinni séu góð en vilja þó mótmæla 7. gr. laganna, þar sem kveðið er á um að Kvenfélagasamband Íslands og Kvenréttindafélag Íslands tilnefni sameiginlega í Jafnréttisráð.

Við teljum mjög mikilvægt að frjáls félagasambönd eins og K.Í. sem er með um 20.000 félagsmenn á bak við sig komi áfram að jafnréttismálum eins og þau hafa gert í áráraðir. Kvenfélögin um land allt hafa sinnt jafnréttismálum til fjölda ára. Benda má á, í því sambandi, að í nýúkominni jafnréttisáætlun Hafnarfjarðarbæjar kom fram að áður en Hafnarfjarðarbær kaus jafnréttisnefnd, sá Bandalag kvenna í Hafnarfirði alveg um þennan málaflokk.

Virðingarfyllst  
f.h. stjórnar Kvenfélagasambands Íslands

  
Helga Guðmundsdóttir  
ritari K.Í.